

NORÐAUSTURVEGUR (85) -HÓFASKARÐSLEIÐ- Fremri-Háls - Sævarland

Kynning framkvæmda



Áætlanir og hönnunarkaup Akureyri

Mai 2008

Norðausturvegur (85) - Hófaskarðsleið

Fremri-Háls - Sævarland

Vegagerðin hefur óskað eftir tilboðum í annan áfanga Norðausturvegar, Hófaskarðsleiðar. Um er að ræða nýbyggingu frá núverandi Norðausturvegi á Fremri-Hálsi að núverandi slitlagsenda við Sævarland (Teikning 2).

Lengd vegarins er 8,3 km og liggur hann um lönd jarðanna Borga, Valla, Brekknakots og Sævarlands í sveitarfélaginu Svalbarðshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu.

Útboðskaflinn er í beinu framhaldi af nýbyggingu Norðausturvegar (85) um Hófaskarð, sem boðin var út í apríl 2007. Héraðsverk ehf. sér um byggingu þess áfanga og eru verklok áætluð 1. nóvember 2009.

Sá áfangi sem hér er kynntur er annar áfangi af þremur sem felast í því að tengja saman Kópasker, Raufarhöfn og Þórshöfn með góðum heilsársvegi og koma þessum byggðum í betra vegasamband við aðra landshluta.

Nyrðri útboðsendi hefst í stöð 30440 á Fremri-Hálsi og endar í stöð 38700 við Sævarland í Þistilfirði. Fyrstu 4 km liggur ný veglína að mestu utan núverandi vegar en nálægt stöð 34500 sameinast hún aftur núverandi vegi og fylgir honum að mestu til enda útboðskaflans.



Mynd 1. Horft yfir Litla- og Stóra Viðarvatn að austan (GHJ 2005)

Norðausturvegur er stofnvegur og verður byggður skv. vegtegund C1, sem er 7,5 m breiður vegur með bundnu slitlagi. Hönnunarhraði er 80-90 km/klst. Í tengslum við verkið verður bogalöguðu stálplöturæsi með botnlengd 63 m komið fyrir í Víðinesá, auk þess sem 11 ný ræsi verða sett þar sem við á. Þá verður ristarhlið sett í Öxarfjarðarheiðarveg og 7350 m af 5 strengja rafmagnsgirðingu komið fyrir meðfram nýjum vegi á köflum.

Áætluð efnispörf fyrir verkið er um 250.900 þús. m³. Efni í fyllingar og fláafleyga verður að mestu tekið úr skeringum í vegstæði. Neðra burðarlagsefni mun fást úr námum í landi Fremri-Háls og Sævarlands. Efra burðarlag og steinefni í klæðingar mun fást úr námu í landi Sævarlands.

Gert er ráð fyrir að þriðji og jafnframt síðasti áfangi verksins, vegtenging til Raufarhafnar, verði boðin út í september 2008.

Tilgangur framkvæmdarinnar í heild sinni, er að styrkja samgöngur milli byggðakjarna á Norðausturlandi, auka umferðaröryggi og stuðla að greiðari samgöngum á svæðinu með því að leggja heilsársveg með hönnunarhraða 90 km/klst. Jafnframt að lágmarka akstursfjarlægð á milli þéttbýliskjarna og stuðla þannig að myndun eins þjónustusvæðis sem nær til Kópaskers, Raufarhafnar og Þórshafnar.

Almennt verður nýr Norðausturvegur um Hólaheiði öruggari og greiðfærari en núverandi vegur, auk þess sem hann kemur til með að stytta vegalengdir verulega milli þéttbýlisstaða. Núverandi vegalengdir milli þéttbýlisstaðanna eru mismunandi eftir því hvort farið er um Norðausturveg (85) eða veg um Öxarfjarðarheiði (867). Milli Kópaskers og Þórshafnar eru 117 km þegar farið er eftir Norðausturvegi um Melrakkasléttu, en 95 km ef farið er um Öxarfjarðarheiði. (Tafla 1).

	Húsavík-Þórshöfn (Km)	Kópasker-Þórshöfn (Km)
Núverandi Norðausturvegur um Sléttu (85)	212	117
Vegur um Öxarfjarðarheiði (867)	144	95
Nýr vegur, Hófaskarðsleið	159	71

Bygging Norðaustursvegur um Hólaheiði var matsskyld sk. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Umhverfisráðherra úrskurðaði um framkvæmdina þann 13. mars 2006. Matsskýrsla, teikningar og önnur fylgigögn eru aðgengileg á heimasíðu Vegagerðarinnar: <http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/umhverfismatsskýrslur/skýrslusidur/nr/909>.

Tilboð í annan áfanga verksins verða opnuð þriðjudaginn 6. maí 2008. Framkvæmdum við þann hluta Norðausturvegar(85), Hófaskarðsleiðar, skal að fullu lokið 15. júlí 2009.